

Fyrirspurn

til mennta- og menningarmálaráðherra um sóknaráætlun
vegna lista, menningar og nýsköpunar.

Frá Katrínu Jakobsdóttur.

1. Mun áætlun fyrir listir, menningu og annað nýsköpunarstarf sem forsætisráðherra sagði í áramótaávarpi 31. desember 2013 að unnið væri að á vegum mennta- og menningarmálaráðherra og ríkisstjórnarinnar birtast á þessu ári eins og fullyrt var í ávarpinu?
2. Hvaða aðilar hafa verið kallaðir til samráðs við gerð áætlunarinnar?

Skriflegt svar óskast.